

Fimmtudaginn 8. júní 1995.

Nr. 124/1995.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)
gegn

X

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kynferðisbrot. Börn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 10. apríl 1995. Krefst ákærvaldið sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu ákærða. Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara krefst hann þess, að refsing verði milduð og fullnustu refsingar frestað í heild eða að hluta.

Ákæruliður I: Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara um þennan ákærulið með vísan til forsendna hans svo og færslu til refsíákvæða.

Ákæruliður II: Að því er þennan ákærulið varðar, hefur ákærði neitað sakargiftum að öðru leyti en því, að hann viðurkenndi fyrir lögreglu að hafa káfað á kynfærum telpunnar M, er hún var 10-11 ára, í stutta stund í eitt skipti. Fyrir dómi sagði hann, að um einhverja óæskilega snertingu hefði verið að ræða í örskotsstund, en mundi ekki, hvort það hefði verið utan klæða eða innan. Í héraðsdómi kemur fram, að framburður M hafi verið skilmerkilegur, og telja sérfræðingar þeir, sem að málinu hafa komið, engan vafa leika á trúverðugleika hennar. Framburður hennar fær einnig stoð í framburði systur hennar, J. Systurnar sögðu fyrst frá framferði ákærða án þess að vita hvor af annarri og á sjálfstæðan hátt. Þegar það er virt, að ákærði hefur orðið sannur að athæfi sömu tegundar gagnvart stúlkunni J, þykir ekki varhugavert að telja þrátt fyrir neitun hans, að nægar sönnur séu fram komnar fyrir sekt hans samkvæmt þessum ákærulið. Ber því að sakfella ákærða og heimfæra brot hans undir þessum ákærulið til sömu refsíákvæða og brot samkvæmt I. ákærulið.

Brot ákærða eru stórfelld og alvarlegs eðlis. Ákærði misnotaði aðstöðu sína og trúnaðartraust tveggja ungra stjúpðættra sinna um langan tíma. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber ákærða að greiða allan sakarkostnað málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins í héraði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Fallast ber á niðurstöður héraðsdómara um sakarefni í fyrri ákærulið. Um síðari ákærulið er það mat dómarans, að fram komin gögn leiði ekki til nægilegrar sönnunar um nærgöngulla atferli en svo, að meta beri það til kynferðislegrar áreitni fremur en kynferðismaka í skilningi viðeigandi ákvæða almennra hegningarlaga. Sönnuð sök ákærða verði þannig að teljast fyrnd. Þrátt fyrir skilmerkilegan framburð stúlkunnar M eru ekki efni til að hafna þessu mati, eins og málið liggur fyrir, og er rétt að staðfesta niðurstöður dómarans. Má þá einnig fallast á niðurstöðu hans um refsingu ákærða, 15 mánaða fangelsi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en gera ákærða að greiða áfrýjunarkostnað málsins.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 24. mars 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 17. f. m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 10. febrúar 1994,

„á hendur X, fæddum ... 1954, fæðingarnúmer ..., fyrir kynferðisbrot gagnvart stjúpðætrum sínum, J, fæddri ... 1974, og M, fæddri ... 1976, á tímabilinu frá síðari hluta árs 1982 og fram í ársbyrjun 1987:

I. Gagnvart J með því að hafa á heimili þeirra í R á síðari hluta árs 1982 og fram til sumars 1983 margsinnis farið höndum um kynfæri hennar og á S sumarið 1983, á Í frá ágúst 1983 til júní 1984, í M frá því um haustið 1984 fram í júní 1985, á S frá júní til ágúst 1985 og í húsinu H að L frá ágúst 1985 til ársins 1986 margsinnis farið höndum um kynfæri J og sett fingur sinn í þau, sleikt þau og nuddað getnaðarlim sínum milli fóta hennar, svo að honum varð sáðfall.

II. Gagnvart M með því að hafa árið 1984 í gufubaði að L í eitt skipti látið M leggjast ofan á sig og nuddað kynfærum sínum utan í hana, svo að honum varð sáðfall, og í húsinu H að L á tímabilinu frá ágúst 1985 fram í byrjun árs 1987 í mörg skipti farið höndum um kynfæri hennar og sett fingur sinn inn í þau og í eitt skipti sleikt þau og jafnframt í eitt skipti á salerni hússins látið hana leggjast ofan á sig og nuddað getnaðarlim sínum við kynfæri hennar, svo að honum varð sáðfall.

Telst þetta varða við 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 40/1992, sbr. áður 1. mgr. 200. gr., sbr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Við flutning málsins leiðrétti sækjandi verknaðarlýsingu í II. kafla ákæru þannig, að átt væri við gufubað í B-skógi í nágrenni L. Um heimfærslu brota vísaði sækjandi og til 1. mgr. 202. gr. hegningarlaga, og var málið reifað með hliðsjón af þessum breytingum, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991. Háttsemi ákærða var þannig af sækjanda samkvæmt I. og II. kafla ákæruskjals talin varða við 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr., sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 40/1992, sbr. áður 1. mgr. 200. gr., sbr. 202. gr., og enn fremur 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sækjandi krafðist þess, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Dómkröfur skipaðs verjanda ákærða, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, eru svofelldar:

Aðallega: Að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og allur sakarkostnaður málsins felldur á ríkissjóð, þ. m. t. hæfileg málsvarnarlaun. Til vara: Verði niðurstaða sú, að ákærði verði sakfelldur í einhverjum ákæruefnum, verði ákærði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög frekast heimila, og fullnustu dæmdrar refsingar frestað skilorðsbundið í heild eða að hluta, sbr. heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976.

I.

Málsmeðferð.

Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra, upp kveðnum 29. apríl 1994, var kveðinn upp áfellsdómur í ofangreindu máli. Ákærði áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar Íslands með bréfi, dagsettu 24. maí sl., og með dómi, upp kveðnum 20. október sama ár, ómerkti Hæstiréttur héraðsdóminn og vísaði málinu heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Dómari fékk mál þetta til meðferðar 7. nóvember sl. Fyrirkall til ákærða var gefið út 11. nóvember, og í framhaldi af því var þingað í málinu 22. nóvember, 6. desember, 10. janúar og 17. janúar sl., en í síðast greinda þinghaldi var gagnaöflun lýst lokið af hálfu sakflytjenda.

II.

Málsatvik.

1. Samkvæmt framburði ákærða, vitnisins K og öðrum gögnum málsins hófu ákærði og K óvígða sambúð síðla árs 1982. Átti K við upphaf sambúðarinnar þrjú börn, J og M svo og drenginn P, sem fæddur er árið 1977. Ákærði og K gengu í hjúskap sumarið 1983 og eignuðust tvö börn, H í júlí 1988 og G í desember 1989. Hjónin gerðu með sér kaupmála í desember 1991, en þau skildu að borði og sæng haustið 1992. Leyfisbréf til lögskilnaðar var gefið út hjá sýslumanninum á Akureyri 14. september 1993, og fékk K þá forsjá barnanna H og G.

Samkvæmt framburði vitna, ákærða, og búsetuvottorðum hélt fjölskyldan heimili á a. m. k. sex stöðum á landinu þann tíma, sem sambúð ákærða og K stóð, en henni lauk sumarið 1992. Upplýst er með framburði nefndra aðila, að ætlað kynferðisbrot ákærða gagnvart stúlkunni J kom fyrst til umræðu innan fjölskyldunnar sumarið 1989, en í janúarmánuði 1991, að því er varðaði stúlkuna M. Stúlkurnar voru þá báðar 15 ára gamlar.

Stúlkan J bar fram kæru hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 6. október 1993 og stúlkan M 27. sama mánaðar. Vitnin K og R voru yfirheyrð hjá lögreglu 17. og 24. nóvember, en ákærði 9. desember 1993.

— — —

Niðurstaða.

1. Stúlkan J bar fram formlega kæru í máli þessu í októbermánuði 1993, u. þ. b. 8 árum eftir, að ætluðum kynrænum afskiptum ákærða lauk. Með vætti vitnanna R, M og U er á hinn bóginn upplýst, að J hafði þegar árið 1989, er hún varð 15 ára að aldri, skýrt að einhverju leyti frá atferlinu, þ. á m. í viðtali við fulltrúa barnaverndarnefndar. Þá er upplýst, að móðirin K, sem var vanfær á þessum tíma, hafði a. m. k. heyrt ávæning af þessum

ásökunum J. Árin 1990 og 1991 greindi stúlkan enn fremur nánú vínafólki og sóknarpresti frá reynslu sinni, en sem fyrr aðeins í grófum dráttum. Fyrir tilstuðlan móðurinnar, en með tilvísun geðlæknis á Akureyri, fór stúlkan fyrst í stuðningsviðtöl til barna- og unglingageðlæknis í Reykjavík árið 1990 vegna sálrænna erfiðleika, og skýrði hún þá í fyrsta sinn frá inntaki kynferðisathafna ákærða. Samkvæmt eigin frásögn stúlkunnar lagðist hún eindregið gegn því allt til ársins 1993 þrátt fyrir neikvæðar tilfinningar í garð ákærða, að málefni hennar væru tekin upp frekar, og hefur hún borið, að þar hafi m. a. ráðið tillitssemi við yngri systur, dætur ákærða. Upplýst er, að J var erlendis mestan hluta árs 1992.

Ákærði hefur játað við yfirheyrslu lögreglu að hafa káfað á kynfærum J nær allt frá upphafi sambúðar hans við móður stúlkunnar, þ. e. á árunum 1983–1985. Ákærði hefur hins vegar neitað því, að atferli sitt hafi verið í þeim mæli, sem ákært er fyrir. Þá hefur ákærði haldið því fram, að háttsemi sín hafi ávallt átt sér stað í hjónarúminu. Fyrir lögreglu skýrði ákærði frá því, að í einu tilviki hefði sér orðið sáðfall vegna kynferðislegrar örvunar við að káfa á kynfærum J.

Fyrir dómi dró ákærði nokkuð í land miðað við fyrri framburð fyrir lögreglu, en viðurkenndi „óæskilegar snertingar“ á árunum 1983–1985. Ákærði hefur ekki gefið eiginlegar skýringar á verknaðinum, en þó viðurkennt, að í einhver skipti hafi návist stúlkunnar og snerting sín við tilgreindar aðstæður vakið upp hjá sér kynrænar hvatir. Að mati dómsins eru skýringar ákærða að þessu leyti harla óljósar.

Verknaðarlýsing stúlkunnar J fyrir lögreglu á atferli ákærða var með sama hætti og lýst er í I. kafla ákæruskjals. Fyrir dómi hefur stúlkan haldið fast við framburð sinn. Hún hefur einnig verið sjálfri sér samkvæm um það, hvað gerðist á milli hennar og ákærða á nefndu árabili.

Samkvæmt álit barna- og unglingageðlæknis, sem hefur verið stuðningsaðili J um nokkurra ára skeið, er ekki vafi á trúverðugleika stúlkunnar. Það er og álit geðlæknisins, að stúlkan hafi hlotið skaða af verknaði ákærða. Vætti geðlæknis á Akureyri og vitnisburður P, R og K hníga að þessu leyti í sömu átt.

Það er álit dómsins, þegar ofanefnd atriði eru virt í heild og með hliðsjón af áðurgreindri geðrannsókn Högna Óskarssonar geðlæknis, að ekki sé varhugavert að leggja til grundvallar framburð stúlkunnar J við úrlausn málsins að öllu verulegu. Að álit dómsins er þannig nægjanlega sannað, að ákærði hafi í endurtekin skipti viðhaft kynferðismök önnur en samræði, líkt og í I. kafla ákæru greinir, allt frá árinu 1983 til 1986. Ber að virða verknað ákærða sem brotaheild.

Með framannefndri háttsemi hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en með breytingu á XXII. kafla laganna varðar háttsemin við 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr., sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 40/1992, en þó þannig, að refsing verði ekki þyngri en orðið hefði eftir eldra ákvæði 202. gr., sbr. 2. gr. hegningarlaga.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 81. gr. hegningarlaga, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, og 4. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981, er brot ákærða ekki fyrnt.

2. Framburður stúlkunnar M hefur fyrir dómi verið skilmerkilegur og í samræmi við sakarefni II. kafla ákæru, en hún var þá á aldrinum 8–11 ára. Samkvæmt eigin frásögn M skýrði hún í fyrsta sinn greinilega frá ætluðu athæfi ákærða í stuðningsviðtali hjá geðlækni haustið 1993. Geðlæknirinn telur engan vafa á, að stúlkan segi satt.

Ákærði hefur fyrir lögreglu og dómi staðhæft, að í einu tilviki, veturinn 1986–1987, hafi mátt túlka atferli sitt gagnvart M sem kynræn afskipti, en þar hafi verið um að ræða snertingu utan klæða í stutta stund í hjónarúmi heimilis þeirra að L. Ákærði hefur að öðru leyti þverneitað sakargiftum. Önnur gögn en að framan er lýst renna að mati dómsins ekki frekari stoðum undir staðhæfingu M fyrir utan það, að atferli ákærða gagnvart J þykir benda til þess. Til þess er hins vegar að líta, að langt er um liðið. Atferli af ofannefndum toga varðar eftir atvikum við 209. gr. almennra hegningarlaga, en með réttarfarsbreytingu laga nr. 40/1992 varðar slík háttsemi nú við 2. mgr. 201. gr. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 2. tl. 81. gr. laga nr. 19/1940 fyrnist sök á fimm árum, ef ekki liggur við þyngri refsing en fjögurra ára fangelsi. Að þessu athuguðu, sbr. 6. mgr. 82. gr. nefndra laga, ber að sýkna ákærða af tilgreindri háttsemi.

Með vísan til afdráttarlausrar neitunar ákærða og þar sem ekki nýtur við annarra sönnunargagna en að framan greinir, þykja að áliti dómsins ekki fram komnar fullnægjandi sönnur fyrir sekt hans, og ber því að sýkna ákærða af sakargiftum II. kafla ákæru, sbr. 45.–47. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki sætt refsingu, sem áhrif hefur á ákvörðun refsingar í máli þessu. Að mati dómsins er ákærði sakhæfur.

Refsing ákærða þykir með vísan til 1. tl. 1. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eftir atvikum hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991, skal ákærði greiða helming sakarkostnaðar, þ. á m. helming sak-

sóknarlauna í ríkissjóð, 100.000 kr., og helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast í heild 150.000 kr. Helmingur sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði. Málið flutti af hálfu ákærvalds Egill Stephensen saksóknari.

Dómsuppkvaðning hefur tafist vegna veikindaforfalla og embættisanna dómara.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Sakarkostnaður, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 kr., greiðist að hálfu af ákærða og að hálfu úr ríkissjóði.
